

Sp.

396. Tillaga til þingsályktunar

[149. mál]

um að taka upp verzlunarskipti við Spán.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til, að sem allra fyrst geti hafizt sala á saltfiski frá Íslandi til Spánar.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum slitnaði upp úr hinum gömlu og heppilegu verzlunarskiptum Íslendinga við Spánverja. Bar tvennt til. Kommúnistaflokkur Íslands taldi sig mótfallinn stjórnarformi og ríkisstjórn Spánar og lagði afgreiðslubann á skip, sem gerðu sig líkleg til að flytja íslenskar afurðir til Suðurlanda. Um sama leyti létu allmargar stórbjóðir sendiherra sína hverfa frá Spáni, en sendisveitir þeirra störfuðu þar og héldu uppi fjörugum kynnum við Franco. Var þessi misþykkja stórveldanna eins konar gamansýning, líkt og þegar stórbjóðirnar þóttust ætla að leggja viðskiptabann á Ítalíu til að hindra Mussolini frá að leggja Abyssíníu undir veldi Ítalíukonungs. Var þá leyft að flytja til Ítalíu allt það, sem þjóðina vantaði til stríðsrekstrar, svo sem olíu, kol og stál, en bannað að verzla við Ítalí með þær vörur, sem þeir höfðu nóg af sjálfir. Í það sinn létu Íslendingar ekki blekkjast og héldu áfram saltfiskssölu til Ítalíu. Sú tregða, sem verið hefur um stund á viðskiptum Íslendinga við Spánverja, stafar af ótilhlýðilegri undanlátssemi við kommúnista heima fyrir og af athugunarleysi um gang heimsmálanna. Franco heldur áfram að stjórna Spáni, hvað sem liður mótgangi íslenskra kommúnista gegn stjórn hans og hinum gamankennda leik annarra þjóða varðandi málefni Spánar. En því lengri tími sem liður svo, að íslenskur saltfiskur er ekki á boðstólum á Spáni, því meiri líkur eru til, að íslenska þjóðin tapi elzta og bezta markaði sínum.

Flestum mönnum mun nú ljóst, að forráðamenn útvegsins hafa verið heldur skjótráðir, er þeir tóku upp mjög einhliða hraðfrystingu á fiski og létu eins og aldrei mundi framur þurfa að salta íslenskan fisk og að óhætt mundi vera að vanrækja Spánarmarkaðinn með öllu. Eru nú þegar komnir fram miklir erfiðleikar við að fá viðunanlega sölu á frysta fiskinum. Hefur orðið að gefa lýsi með lækkuðu verði með hraðfrysta fiskinum og fallið niður sala eins og t. d. í Englandi árið sem leið, þegar ekki var lýsi til í meðgjöfina. Benda allar líkur til, að innan skamms muni þykja arðvænlegt að framleiða Spánarfisk, ekki sízt í Reykjavík, þar sem unnt er að þurrka geysimikið fiskmagn á vorin og sumrin við hverahita, sem er bænuni nálega verðlaus eftir að vorar. Hef ég vakið máls á þeirri verkunaraðferð á þingi í fyrra og bendi aftur á þá leið, ef fiskútflytjendur vildu nú freista að halda opnum sínum gamla og góða markaði á Spáni. En til þess að létta fyrir viðskiptum milli landanna að nýju þurfa stjórnarvöldin að ganga hreint til verks og freista að fá leystar allar óþarfar hömlur af gagnkvæmum skiptum þessara tveggja þjóða, sem hafa um langan aldur haft saman merkileg viðskipti, sem hentuðu báðum.